



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Vorfréttabréf
2025*

*Félag kvenna í fræðslustörfum á
Íslandi*



Sólín

*Sólín dansaði við daginn
þau voru falleg saman
tilsýndar
og einnig
í nálægð.
Kvöldið bættist í hópinn
og bauð gott af sér
í skjóli nætur
skemmtu þau sér
og öllum leið vel.
Það morgnaði
og örlaði
fyrir nýjum degi
í nálægð.*

Björg Adalheiður Eiríksdóttir



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegs sumars

Útgáfunefnd sendir nú frá sér sitt fjórða og jafnframt síðasta fréttabréfið sem við stöllum vinnum. Það hefur verið áhugavert að starfa í þessari nefnd og við trúum því að efni deildanna skili sér enn frekar til ykkar með útgáfu fréttabréfs og því mikilvægt að halda þessu starfi áfram.



Það má geta þess að efni barst frá öllum deildum og einnig er að finna í þessu fréttabréfi minningu frá Helgu Guðmundsdóttur í Zetadeild þar sem hún rifjar upp vor bernskuminningar líkt og nafna hennar Helga Steinsson gerði í haustbréfinu um jólaminningu sína. Við færum öllum þeim sem tóku saman umfjöllun og myndir og sendu okkur, kærar þakkir fyrir. Ljóðið sem prýðir forsíðu fréttabréfsins er ort af tengdamóður Sigríðar Herðisar, Björgu Aðalheiði Eiríksdóttur (Dídí). Dídí var tíunda í röð fimmtán systra í Réttarholti en elst var Rannveig Löve sem var félagi Gamma deild.

Árný Elíasdóttir fráfarandi forseti, ritaði pistil fyrir hönd stjórnar en ný stjórn tekur við 1. júlí næstkomandi. Í nýrri stjórn eiga sæti þær:
 Hrund Logadóttir, Alfadeild, forseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir, lotadeild, 1. Varaforseti, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, þetadeild 2. Varaforseti, Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild, ritari Sigríður Heiða Bragadóttir, Etadeild, meðstjórnandi.

Bestu þakkir fyrir okkur, njótum sumarsins og lesum fréttabréfið í blíðunni og komum með orku sumarsins inn í vetrarstarfið.

Sumarkveðja,
 Samskipta- og útgáfunefnd DKG
 Guðrún Ásgeirsdóttir
 Guðmunda Vala Jónasdóttir
 Sigríður Herdís Pálsdóttir



Það var alltaf sól á sumrin...

Þegar við sem eldri erum hugsum til sumranna á æskuárunum finnst okkur oft sem veðrið hafi alltaf verið gott, eða þannig... Það er alla vega þannig að þegar ég hugsa til sumardaga æskunnar hugsa ég ekki síst til útiveru, leikja og ýmiss konar samverustunda í góðu veðri. Ég man reyndar líka eftir Sumardeginum fyrsta í Hafnarfirði, þar sem farið var í skróðgöngu í kjól og hnjásokkum (af því það var komið sumar) með bláa leggi af kulda, en það er samt ekki það sem litar sumarminningarnar.

Ég var svo einstaklega heppin að fá oft tækifæri til dvelja hjá ömmu minni og afa í móðurætt sem bjuggu á Seltjarnarnesi. Einkum var eftirsóknarvert að fá að vera hjá þeim á sumrin. Nesið var á þessum tíma frekar strjálbýlt og því mikið af tækifærum til leikja í opinni og frjálstri náttúru. Leifar mannvirkja frá dvöl hersins voru enn á einstaka stað og gerðu umhverfið enn meira spennandi fyrir ævintýrabyrsta krakka.



Amma og afa bjuggu í lítilli lokaðri götu þar sem samskipti milli íbúa voru mikil. Börnin í götunni léku sér saman í alls kyns leikjum frá morgni til kvölds allt sumarið. Viðfangsefnin voru óþrjótandi, efniviðurinn alls staðar í kringum okkur, hvort sem var í fjörunni eða annars staðar í náttúrunni á Nesinu. Auk óþrjótandi stunda í alls kyns leikjum með krökkunum eru gönguferðir um Nesið með afa eftirminnilegar. Afi minn var Dani, sem hafði komið við á Íslandi á siglingu og ætlaði að halda þeirri siglingu áfram eftir heimsókn til Íslands, en ákvað að setjast að á Íslandi, þegar hann rakst á hana ömmu mína. Afi var mikill náttúruunnandi og var einstaklega natinn við að fara með mig um og sýna og segja mér frá hinum ótrúlegustu undrum náttúrunnar, sem blöstu við víðs vegar í kringum okkur, allt frá hinum örsmáu íslensku blómplöntum til mikilfenglegra ummerkja um jökulristur á hvalbökum efst á Nesinu. Frásagnir afa af því sem fyrir augu bar á þessum ógleymanlegu ferðum mótuðu barnshugann djúpt. Þá sjaldan ekki viðraði til útiveru af einhverju tagi voru heimsóknir í smíðjuna hans afa, sem var í byggingu í miðju hverfinu, ótrúlega spennandi. Hann smíðaði sérstök verkfæri fyrir litlar hendur svo ég gæti fengið að sinna „alvöru“ verkefnum með honum í smíðastofunni. Amma var líka einstaklega þolinmóð og skilningsrík og ég var ekki ýkja gömul þegar hún meðal margs annars kenndi mér að sauma krosssaum og valdi mér þar verkefni við hæfi. Ég saumaði til dæmis upphafsstafi í nafni flestra í fjölskyldunni og lærði þannig fleira en krosssaum. Amma hafði líka ómældan tíma í spjall og mikið var lesið og rætt.



Það var mikil samstaða og samhjálp í hverfi ömmu og afa á Nesinu. Ég man að við áttum það til krakkarnir að kanna hvað væri í matinn hjá hvort öðru og svara þá helst því heimili þar sem matseðillinn var mest spennandi, þegar kallað var í mat. Eins var t.d. ekki sími hjá ömmu og afa, en ef þurfti að ná í þau var oft hringt í nágrannafjölskyldu þar sem var sími og svo var kallað í annað hvort þeirra í símann. Sumardvöl hjá ömmu og afa var svo spennandi að ég man eftir að þegar mér var ljóst að það styttest í dvölinni, fannst mér miður ef kallað var í ömmu í símann, og jafnvel látið fylgja að „Anna (móðir mín) væri í símanum“, því það gæti merkti að ég þyrfti að yfirgefa paradísina á Nesinu fljótlega, alla vega um stund.

Ég hef víða minnt á orðatiltækið að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Sjálf var ég svo heppin að búa við að eldri kynslóðir og góðir grannar tóku þátt í að búa mér gott umhverfi í æsku. Við skulum leggja okkur fram við að taka sem virkastan þátt í að hlúa að komandi kynslóðum með hverjum þeim hætti sem okkur gefst tækifæri til.

Gleðilegt sumar

Helga Guðmundsdóttir





Fréttir frá stjórn landsambands DKG



Kæru Delta Kappa Gamma systur

Ég óska ykkur góðs og gleðríks sumars.

Starfstímabili fráfarandi stjórnar lýkur 1. júlí nk. og hefur ný stjórn verið skipuð. Ég býð stjórn landsambandsins 2025 -2027 innilega velkomna en í henni sitja:

Hrund Logadóttir, Alfadeild, forseti

Vilborg Ása Bjarnadóttir, lotadeild, 1.

varaforseti

Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, þetadeild

2. varaforseti

Ingileif Ástvaldsdóttir, Mýdeild, ritari

Sigríður Heiða Bragadóttir, Etadeild,

meðstjórnandi.

Með stjórninni starfar fráfarandi forseti,

Árný Elíasdóttir, Gammadeild.



Fráfarandi stjórn: F.v. Eygló Björnsdóttir, Björg Eiríksdóttir, Rósa Marta Guðnadóttir, Ásta Egilsdóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir, Málfríður Þórarinsdóttir, Árný Elíasdóttir.



Ný stjórn og fráfarandi forseti : F.v. Sigríður Heiða Bragadóttir, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, Vilborg Ása Bjarnadóttir, Hrund Logadóttir, Árný Elíasdóttir.

Stjórnin hefur unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á framkvæmdaráðsfundi 2023 og kynnt á slíkum fundi 2024. Könnun var lögð fyrir félagskonur í nóvember 2023 og hafa niðurstöður hennar nýst vel í starfinu. Konur hafa verið hvattar til að kynna starf samtakanna sem víðast og stuðla áfram að eflingu menntunar í verki, ræðu og riti. Skorað er á deildir að láta til sín taka með



samfélagslegum verkefnum á afmælisári og að deildir geti sameinast um verkefni. Athygli er vakin á því að deildir geta sótt um styrk að upphæð 100.000 til stjórnar til að halda viðburði í heimabyggð. Einnig er hægt að sækja um styrki til alþjóðasambandsins –

<https://www.dkg.is/is/styrkir> Epsilondeild ætlar t.d. að standa fyrir viðburði í haust, svo og Beta og Mýdeild í sameiningu.

Fimmtíu ára afmæli samtakanna var fagnað þann 10. maí í Salnum í Kópavogi með ráðstefnu sem bar yfirskriftina **VISKA – VIRKNI – VELFERÐ. Kraftmiklar konur og samfélagslegt framlag þeirra**. Boðið var upp á fyrirlestra, tónlistaratriði, afmælisöng og alþjóðaforseti DKG, Beverly Hall- Maughan ávarpaði okkur. Um kvöldið var móttaka og hátíðarkvöldverður á Grand Hótel Reykjavík þar sem Sigrún Klara Hannesdóttir var sæmd 50 ára heiðursmerki samtakanna en hún er stofnfélagi í Alfadeild. Rúmlega hundrað konur sóttu viðburðina þar sem gleðin var við völd. Í tilefni afmælisins var Menntasjóði Mæðrastyrksnefndar færð peningagjöf en sjóðurinn styrkir efnalitrar konur til náms.



Sönggleði



Höfundar afmælisöngsins, Theodóra Þorsteinsdóttir og Jónína Erna Arnardóttir, Deltadeild.

Gefið verður út afmælisrit sem má nálgast á heimasíðunni síðar á árinu en einnig er hægt skrá sig fyrir prentuðu eintaki sem kostar fjögur þúsund krónur. Þær sem þess óska hafi samband við Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, Alfadeild eða Pernillu Rein, lotadeild.

Að lokum vil ég þakka Delta Kappa Gamma konum fyrir einstaklega gefandi og gott samstarf síðastliðin tvö ár. Sérstaklega þakka ég deildum sem ég heimsótti fyrir afar góðar móttökur. Heimsóknirnar gáfu mér afskaplega mikið og var gaman að kynna konunum og fylgjast með starfi þeirra. Ég óska nýrri stjórn og samtökunum okkar allra heilla og óska þess að þau muni áfram leggja sitt af mörkum til valdeflingar félagskvenna og stuðla að framgangi menntunar um allan heim.

Árný Elíasdóttir, landsforseti 2023-2025.

Alfa

Jólafundur Alfadeildarinnar var haldinn í Búbbulsal Finnson þann 30. nóvember s.l. og hófst klukkan 12.00. Salurinn er fagurlega skreyttur blómum og skapar notalega stemningu. Átján félagskonur mættu og áttu saman ljúfa stund á kosningadegi yfir góðum mat, kalkún eða hnetusteik, kaffi og konfekt. Venju samkvæmt var kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og sá Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir um það að þessu sinni. Aðalheiður sagði okkur jafnframt frá því hvernig hún hefði ákveðið að prófa að nota gervigreindina í stutta hugleiðingu en ekki mælti hún með því. Nokkuð var rætt um kosningar og mikilvægi þess að kjósa í upphafi fundar en annars einkenndist fundurinn af samræðum félagskvenna. Sunna Dís Másdóttir rithöfundur heiðraði okkur með nærveru sinni og las upp úr nýrri bók sinni sem nefnist Kul. Góður rómur var gerður að lestrinum og félagskonur þurftu margs að spyrja. Klukkan 14.00 lauk fundinum og héldu konur á braut með jólakveðjur í farteskinu.



Fyrsti félagsfundur ársins 2025 var haldinn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og hófst kl. 16.30. Fjórtán félagskonur mættu á fundinn. Þar tók á móti okkur Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir kennslustjóri sjúkraliðabrautar og Alfakona og bauð okkur velkomnar á kaffistofu starfsmanna í FÁ. Málfríður formaður Alfadeildar setti fundinn og bað Raggý Guðjónsdóttur um að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hrönn Baldursdóttir fór með Orð til umhugsunar og ræddi þar kynjuð orð í tungumálinu m.a. orðið *Sveinspróf*, sem vísar til þess tíma þegar eingöngu karlmenn tóku slíkt próf. Orðið er rótgróið og Hrönn upplifir ekki mikla umræðu um viðlíka orð og velti því fyrir sér hvort það haldi konum ósýnilegum. Það virðist almennt að konur taki upp rótgróin starfsheiti sem vísa til karla, en sjaldgæft



að það sé á hinn bóginn þ.e. að karlmenn taki upp rótgróin starfsheiti sem vísa til kvenna - þess í stað er búið til nýtt heiti. Formaður afhenti Hrönn rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir hennar framlag.



Eftir hugvekju Hrannar var Alfakönum boðið upp á veitingar og formaður Alfadeildar upplýsti um aðalefni fundar sem var umræður um afmælisár samtakanna DKG á Íslandi og fór jafnframt yfir vordagskrá Alfadeildar. Fundarkönum var skipt í þrjá umræðuhópa sem settust niður og ræddu annars vegar *afmælisviðburð* og hins vegar *samfélagsverkefni* í tilefni afmælisársins. Ýmsar góðar hugmyndir komu fram og jafnframt voru fundarkönum sammála um að hafa gaman saman þann 7. nóvember n.k. Stjórnin vinnur að nánari útfærslu. Að umræðum loknum þakkaði Málfríður Aðalheiði Dagmar fyrir afar góðar móttökur og afhenti henni rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir hennar framlag.

Annar félagsfundur ársins 2025 var haldinn í Mími og hófst kl. 16.00. Fjórtán félagskonur mættu á fundinn og einn gestur. Þar tóku á móti okkur Sólveig

Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri, Þórunn Grétarsdóttir fagstjóri námsbrauta og þróunar, Vanessa Monika Isenmann verkefnastjóri ásamt Kristínu Erlu Þráinsdóttur fagstjóra ráðgjafar og raunfærnimats. Girnilegar veitingar voru í boði Mímis og gladdi það mjög félagskonur. Sólveig Hildur hóf fundinn með ávarpi og kynningu á sögu Mímis. Það er skemmtileg tenging Alfadeildar við Mími, en félagskona okkar Ingibjörg Elsa var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins og bætti ýmsum fróðleiksmolum inn í kynningu á sögu Mímis. Þar á eftir kynnti Vanessa íslenskukennslu fyrir fólk með erlendan bakgrunn. Hún upplýsti félagskonur um stigskiptingu íslenskukennslunnar, kennsluefni og fjölbreytt úrval fræðslu. Kristín Erla tók við kynningunni og kynnti fagbréf atvinnulífsins fyrir félagskonum, tækifærin í fagbréfum, uppruna þeirra og hvernig tekist hefur að yfirfæra fagbréfin á ólík störf. Málfríður formaður Alfadeildar ávarpaði að kynningum loknum fundarmenn og þakkaði fulltrúum Mímis fyrir góðar móttökur og frábærar kynningar. Formaður afhenti þeim öllum fjórum rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag. Formaður ítrekaði jafnframt að í stað fleiri viðburða á vordagskrá Alfadeildar eru allar konur deildarinnar eindregið hvattar til þátttöku í hátíðarráðstefnunni 10.-11.maí. Að lokum óskuðu Mímiskonur eftir því að sýna félagskonum húsakynni og lögðu áherslu á það að aðlaðandi lærdómsumhverfi væri mikilvægt fyrir þeirra nemendur. Félagskonur gengu um húsnaðið sem er afar notalega innréttað og áberandi metnaður í því að skapa heimilislegt og afslappað umhverfi.



Nýlokið er velheppnuðu afmælisþingi DKG á Íslandi. Alfakonur fjölmenntu á þingið og áttum við saman góðar stundir með öðrum DKG konum. Dagskráin var afar vel sett saman og tókst skipuleggjendum að skapa léttu og skemmtilega stemningu með fjölda uppbrota með hreyfingu og söng án þess að faglegheitin glötuðust. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, lektor á Bifröst hélt erindi um hinar óáþreifanlegu auðlindir Íslendinga með sérstaka áherslu á rannsóknarefni hennar um menningu á Vesturlandi. Sunneva Halldórsdóttir, mastersnemi við Háskóla Íslands upplýsti þingið um rannsókn sína á ögnum plastefna, sem safnast upp í mannlíkamanum og vakti hópinn til umhugsunar um fjölda efna sem berast inn í mannlíkamann með ófyrirséðum afleiðingum. Vonumst við til þess að frekari rannsóknir í tengdum efnum verði gerðar á komandi árum svo varpa megi skýrara ljósi á áhrif þessa á þroska og heilsu manna. Alþjóðaforseti DKG, Dr. Beverly Hall Maughan ávarpaði hópinn og hvatti til dáða. Beverly var umhugað um að heilsa upp á allar félagskonur og var sérlega hlý í viðmóti og bar af sér góðan þokka. Soffía Vagnsdóttir tók síðan við og hjálpaði okkur að kjarna okkur og rýna í grunnildin okkar. Hún hvatti okkur til núvitundar og hláturs – en við þekkjum einmitt og kunnum að meta áherslur á hláturinn í gegnum okkar eigin Alfakonu

Ástu Valdimarsdóttur. Bryndís Jóna Jónsdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið HÍ og formaður Gammadeildar, hélt síðasta fagerindið á þinginu um rannsóknir sínar um markvissa notkun núvitundar og möguleg áhrif þess á farsæld kennara. Bjöllumkór Íslands undir stjórn Karenar J. Sturlaugsson úr Þetadeild og Lolly Magg uppistandari glöddu félagskonur og nýr afmælissöngur Theodóru Þorsteinsdóttur og Jónínu Ernu Arnardóttur úr Deltadeild var sunginn. Um kvöldið var dásamleg skemmtun og einstaklega góður matur á Grand Hótel og fjölmenntu Alfakonur einnig á kvölskemmtunina þar sem Sigrún Klara Hannesdóttir flutti hátíðarræðu og Kvartettinn Barbari skemmti okkur með söng sínum.



Tveir stofnfélagar Alfadeildarinnar, Sigrún Klara Hannesdóttir og Margrét Gunnarsdóttir Schram, voru heiðraðar og hylltar fyrir 50 ára veru í deildinni. Margrét átti ekki heimangengt og lést tveimur dögum seinna. Blessuð sé minning mætrar og öflugrar félagskonu Alfadeildarinnar.



Aðalfundur fór vel fram að morgni sunnudags. Þó nokkrar breytingar urðu á stjórn landssambandsins og fyrrum formaður Alfadeildar, Hrund Logadóttir, tók við kefli forseta landssambandsins. Við fögnum því að hafa öfluga Alfakonu í forystu samtakanna á Íslandi.

Framundan er stjórnarfundur þar sem lagðar verða línur að öflugu starfi komandi vetrar enda afmælisár deildarinnar á þessu ári og áfram munum við minnst þess. Við í Alfadeildinni óskum ykkur öllum gleðilegs sumars og vonum að það verði okkur öllum gott.



Beta

Eitt af tilhlökkunarefnum nýs árs hjá okkur í Betadeild er janúarfundurinn, eða „bókafundurinn“ eins og við köllum hann. Það hefur verið venjan í Betadeild nánast frá stofnun deildarinnar að helga þennan fund bóklestri. Þá segja Betakonur hver annarri frá áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið síðastliðið ár. Verða þá gjarnan nýútgefnar bækur úr „jólabókaflóðinu“ fyrir valinu. Einnig hefur myndast sú hefð að þessi fundur er haldinn í heimahúsi. Að þessu sinni var fundurinn haldinn á heimili Ingibjargar Auðunsdóttur 13. janúar. Kynntar voru 12 bækur, hver annari forvitnilegri. Að loknum fundi er svo listi með nöfnum bókanna settur á vefinn okkar og þannig höfum við aðgang að bókalistum sem aðrar konur hafa mælt með og búið er að gefa okkur smá innsýn í.



Febrúarfundurinn var haldinn 11. febrúar í Glerárskóla. Gestur okkar á þessum fundi var Ingibjörg M. Magnúsdóttir úr Mydeild en hún er teymisstjóri ÍSAT hjá Akureyrarbæ. ÍSAT-nemendum, þ.e. nemendum með íslensku sem annað tungumál, hefur fjölgað mikið á síðustu árum, þeir eru nú á fjórða hundrað, dreifast á alla grunnskóla bæjarins og koma úr mjög mismunandi aðstæðum. Ingibjörg starfar með verkefnisstjórum grunnskólanna, sem sjá um samræmda móttöku, stöðumat og aðlögun ÍSAT-nemendanna samkvæmt kröfum í námskrá. Kynning Ingibjargar vakti töluverðar umræður og svaraði hún

ýmsum spurningum fundarkvenna. Að erindinu loknu voru bornar fram veitingar að hætti Betakvenna. Í fundarlok fengum við svo kynningu á kennaraálmu Glerárskóla en nýbúið er að taka alla álmuna í gegn, breyta og betrubæta.



Í mars var svokallaður „óhefðbundinn“ fundur en á slíkum fundi er hefðbundin formleg dagskrá lögð til hliðar og hópurinn sem sér um fundinn hefur alveg frjálsar hendur með hvernig við verjum kvöldinu. Við vorum sextán Betasysturnar sem mættu klukkan 19 í menningarhúsið Hof hér á Akureyri, þar sem Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri tók á móti okkur. Hún kynnti þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í Hofi og leiddi hópinn í skoðunarferð um húsið. Betasystur fengu að sjá sali hússins, sem hýst geta menningarstarfsemi, samkomur og viðburði af ýmsum toga. Leiðin lá einnig um vinnurými og geymslur baksviðs, skrifstofugang og misstór fjölnota herbergi. Kristín Sóley er mjög fróð um sögu hússins, hlutverk þess og mikilvægi í menningarlífi bæjarins og svaraði greiðlega spurningum okkar. Er óhætt að segja að það vakti undrun okkar hversu fjölbreytt starf fer þarna fram og hversu margar vistaverur er að finna í húsinu. Að skoðunarferð lokinni settumst við niður á Móa Bistro sem er veitingasalan í húsinu



og nutum góðra veitinga og félagsskapar hvor annarrar.



Aprílfundurinn var haldinn 29. apríl í Brekkuskóla. Gestur fundarins að þessu sinni var Kristín Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur hér á Akureyri en hún sagði okkur frá hjálparstarfi sem hún hóf upp á sitt einsdæmi fyrir Palestínumenn á Gazasvæðinu. Það var ótrúlegt að heyra hvernig þetta starf sem byrjaði sem lítið framlag einnar menneskju hefur undið upp á sig. Æ fleiri úr vina- og kunningjahópi Kristínar hafa slegist í hópinn og hefur þetta starf þeirra gefið ótrúlega mörgum fjölskyldum á Gaza stuðning og von í þeim hryllingi sem nú geisar þar. Þetta var áhrifarík frásögn hjá Kristínu sem snerti við okkur öllum.

Landssambandsþingið 10. og 11. maí, sem jafnframt er afmælisþing, er okkur ofarlega í huga þessa dagana og ætla sjö konur að drífa sig „suður yfir heiðar“ og taka þátt í hátíðahöldunum. Við höfum verið uppteknar núna á vorönninni við að taka saman sögu deildarinnar til birtingar í afmælisritinu sem gefa á út í tilefni 50 ára afmælisins. Þetta hefur verið krefjandi en skemmtilegt vinna og er ekki annað að sjá en starfið í deildinni hafi bæði verið fjölbreytt og ánægjulegt í gegnum tíðina.

Lokafundur vetrarins er svo áætlaður 28. maí en þá er meiningin að hafa „útför“ eins og Betasystur kölluðu það hér áður fyrr þegar flestir fundir voru í heimahúsi,

en það merkti að þá færu Betasystur saman út að borða á veitingastað eftir fund og hefðu það huggulegt. Að sjálfsögðu hlökkum við svo allar til sumarsins og vonum að góða veðrið leiki við okkur eins og oft er raunin hér „norðan heiða“.

Að endingu óskum við ykkur öllum gleðilegs sumars með kærri kveðju!

Fh. Betadeildar

Eygló Björnsdóttir formaður.



Gamma

Gammasystur hittust að venju á bóka fundi 13. janúar. Ingibjörg Jónasdóttir bauð okkur heim og nærðum við bókaorminn í okkur með því að ræða saman um þær bækur sem við höfðum lesið nýlega. Í upphafi fundar voru Edda Pétursdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir með örkynningu á lífi sínu og starfi en í upphafi þessa starfsárs ákváðum við að prófa að hafa slíkar örkynningar í upphafi funda í stað þess að hafa orð til umhugsunar. Markmiðið með þeim er að efla tengslin og kynnast betur, þessar kynningar hafa vakið mikla lukku og virkilega áhugavert að fá innsýn í líf og störf þeirra sem þegar hafa deilt.

Farið var yfir dagskrá vorsins og konur hvattar sérstaklega til að taka frá tíma fyrir afmælishátíð DKG á Íslandi og fjölmenna þangað 10. og 11. maí.

Óskað var eftir tilnefningum í ritnefnd vegna 50 ára afmælis DKG á Íslandi, Ingibjörg Einarasdóttir varð við ósk fundarinnar um að leiða skrifin en hún fékk svo Helgu Stephensen til liðs við sig til að finna til myndir frá fyrri starfsárum Gamma deildar. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir þeirra faglegu og góðu vinnu. Dýrmætt að eiga samantekt á starfi deildarinnar og verður gaman að sjá heildarútgáfu afmælisritsins er hausta tekur.

Eftir að hafa gætt sér á hlaðborði veitinga sem hluti Gammakvenna lagði til þá fórum við heim endunærðar með fullt af hugmyndum af áhugaverðum bókum til að lesa.



Edda Pétursdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir gáfu okkur innsýn í sitt líf og starfsferil og fengu að sjálfsögðu rauða rós

Febrúarfundurinn var haldinn þann 11. febrúar í Húsi Vigdísar við Háskóla Íslands. Eftir hefðbundna setningu fundar voru þær Edda Vikar Guðmundsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Guðný Helgadóttir með örkynningu á lífi sínu og starfi. Það má með sanni segja að það getur verið áskorun að taka saman það helsta af viðburðaríku lífi á 3-4 mínútum en konurnar hafa alveg frjálssar hendur með efnistöð. Það er virkilega gaman að heyra hve mismunandi nálgunin þeirra er en alltaf nær örkynningin markmiði sínu en það er að við þekkjumst vel og styrkjum vinaböndin.

Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ var með aðalerindið um ástarkraftinn og arðrán hans. Erindið byggði á rannsóknaráhuga hennar sjálfrar sem spratt út frá skrifum



og rannsóknnum Önnu Guðrúnar Jónasdóttur. Ástarkraftur er grundvallargeta til að valdefla hvert annað sem verðugar manneskjur. Ástarkrafturinn vísar til þarfarinn fyrir tengsl sem séu bæði félagsleg og kynferðisleg og það hvernig ástarkrafturinn er gefinn skilgreinir tengslin. Konur hafi verið og séu valdeflandi kraftur í lífi karla. Miklar breytingar í vinnuhagkerfinu hafi leitt til samfélagsbreytinga. Ástarkrafturinn sé arðrændur í æ meira mæli innan vinnuhagkerfisins og þetta hafi kallað fram aukna kulnun í starfi sér í lagi hjá stéttum þar sem samskipti eru mikil og ekki síst í störfum sem einu sinni voru unnin á heimilinu í nafni ástarinnar. Greinilegt var að erindið kveikti í fundarkonum og spruttu áhugaverðar umræður og vangaveltur í framhaldinu.



Gammakonur voru áhugasamar um ástarkraftinn og arðrán hans

Sameiginlegur sparifundur Kappa og Gammadeildar var haldinn í Hannesarholti 26. mars. Árný Elíasdóttir forseti landssamtakanna setti fund og kveikti á kertum trúmennsku, hjálpssemi og sköpunargáfu. Árný kynnti 50 ára afmælisþingið sem haldið verður 10. maí og hvatti Kappa og Gamma konur til að fjölmenna.

Á meðan konurnar gæddu sér á dýrindis forrétt og aðalrétt þá voru tvö erindi. Arna Hauksdóttir, prófessor við læknadeild HÍ kynni niðurstöður viðamikillar rannsóknar,

Áfallasaga kvenna en sú rannsókn náði til allra kvenna á Íslandi – 18 – 69 ára og var þátttakan 30% . Skoðað hvaða áföll voru algengust og hvort þeir sem hefðu orðið fyrir áfalli væru með áfallasastreituröskun (PTSD) sem er alvarleg geðröskun og getur þróast yfir í alvarlegri sjúkdóm. Nú er farin af stað undirrannsókn sem ber heitið Lóa en þar er verið að skoða hvort einfalt hugrænt inngrip geti dregið úr áleitnum minningum eftir áföll. Mjög mikilvægar og áhugaverðar rannsóknir.

Að loknum aðalrétti var Steinunn Birna Ragnarsdóttir með erindið – Skapandi leiðir til velfarnaðar sem hún byggði á nálgun jákvæðrar sálfræði. Mjög upplífandi og áhugavert efni en m.a. kom fram að samkvæmt Veenhoven er hamingja okkar byggð 50% á meðfæddum þáttum, 10% á kringumstæðum og 40% á viðhorfum og viðbrögðum.

Í lok fundar stungu formenn deildanna upp á að vinna að samfélagsverkefni sem tengist menntasjóði mæðrastreysnefndar. Óskað var eftir hugmyndum að viðburði sem allir gætu tekið þátt í og munu tvær konur úr hvorri deild huga að undirbúningi þessa viðburðar sem áætlaður er á haustmánuðum.



Kappa og Gamma konur nutu þess að nærast og fræðast saman í Hannesarholti

Það var virkilega nærandi að hittast svona á sameiginlegum fundi og hvetjum við fleiri deildir til að gera slíkt hið sama.



Áhugaverð uppástunga kom á aðalfundi landssambands DKG 11. maí um að slíkt samstarf yrði sett í formlegan farveg og óskað eftir að landsstjórn skoðaði hvort hægt væri að koma slíku kerfi á.

Vorfundur Gamma deildar fór fram í Stýrimannaskólanum 28. apríl. Hann var tvískiptur, fyrri hlutinn óformleg heimsókn þar sem Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans kynnti okkur starfsemina og hugmyndir um nýjan skóla í Hafnarfirði.

Formlegur fundur hófst svo á hefðbundinn hátt kl 18 og umræður voru um samfélagsverkefni með Kappadeild og óskað eftir sjálfboðaliðum í undirbúningsnefnd en ákveðið hefur verið að styrkja Menntasjóð Mæðrastyrksnefndar. Ingibjörg Jónasdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Svana Friðriksdóttir buðust til að vera fulltrúar og í framhaldinu var hugarflug um hinar ýmsu leiðir sem hægt væri að fara til að styðja gott málefni. Upp kom tillaga að því að fá kynningu á sameiginlegan fund með Kappadeild frá Menntasjóðnum í haust sem upptaktur að söfnuninni.

Áætlað hafði verið að Guðjón Friðriksson væri með aðalerindi fundarins og fjalla um bók sína Börn en hann forfallaðist. Þess í stað voru sungnir vorsöngvar og farið í skoðunarferð um Stýrimannaskólann.



Hildur Ingvarsdóttir tók á móti okkur í Stýrimannaskólanum

Gammakonur fjölmenntu svo á afmælisþing DKG á Íslandi og nutu þar ríkulegrar dagksrár í Salnum þann 10. maí, margar þeirra mættu svo einnig á hátíðarkvöldverð sem fram fór á Grand hóteli.



Gammasystrur fjölmenntu á hátíðarkvöldverð DKG á Íslandi

Við óskum þess að allar okkar DKG systur, hérlandis sem erlendis, eigi framundan gott sumar og njóti grósku og gleði og hlökkum til að hittast á þessum vettvangi er hausta tekur.

f.h. Gammadeildar
Bryndís Jóna Jónsdóttir
Formaður

Delta

Starfssvæði Deltadeildar er Vesturland. Félagskonur eru búsettar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig eru nokkrar konur fluttar á höfuðborgarsvæðið og sækja fundi hjá Deltadeild.

Á vorönn 2025 voru haldnir þrír fundir. Fyrsti fundur ársins var haldinn á veitingahúsinu Hjá Jóni við Austurvöll 19. febrúar 2025. Það var mjög vel mætt á fundinn. Jóhanna Karlsdóttir flutti Orð til umhugsunar. Hún nefndi orð sín „Traust og tækifæri“ og fjallaði þar um eigin reynslu og áhrifavalda í lífinu. Hún fékk sem lítið barn strax tækifæri og traust til að sauma og þrjána og aðgang að ýmsu efni til handmennta. Jóhanna nefndi nokkrar skólabækur sem höfðu áhrif á hana, m.a. Skólasöngva, landabréfabók sem hún fékk 12 ára og Skólaljóðin með teikningum Halldórs Péturssonar. Faðir Jóhönnu var mikill bókamaður og fyrstu bókmenntirnar sem höfðu áhrif voru m.a. *Dísa ljósálfur* og *Piltur og stúlka*.

Jóhanna flutti til Reykjavíkur 1968 og fór í Kennaraskólann. Þar vaknaði áhugi á réttindum kvenna og bókmenntum tengdum þeim s.s. Svövu Jakobsdóttur og Ástu Sigurðardóttur. Jóhanna fór í nám til Danmerkur 1988 með áherslu á myndmennt og sköpun og árið 1996 í meistaranám í KHÍ. Jóhanna lauk orðum sínum með því að segjast þakklát fyrir allt það traust og þau tækifæri sem hún hafði notið í bernsku og menntun. Hún sýndi okkur handþrónuð og saumuð dúkkuföt og dúka sem hún gerði sem barn.

Halldóra Jónsdóttir sá um bókaumfjöllunina sem er fastur liður hjá okkur á fyrsta fundi eftir jól. Bækurnar voru að þessu sinni *Ferðalok* eftir Arnald Indriðason og *Í skugga trjánna* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Skiptar

skoðanir voru um báðar bækurnar en umræður urðu með minna móti vegna umhverfisljóða á staðnum.

Því næst var rætt um 50 ára afmælið, Sigrún Jóhannesdóttir er í aðalnefndinni og Ásta Egilsdóttir og Jónína Eiríksdóttir í ritnefnd fyrir okkar deild. Jónína Erna Arnardóttir og Theodóra Þorsteinsdóttir hafa samið afmælissöng DKG sem þær sungu fyrir okkur.

Þá var fundi slitið og hópurinn fór að sjá kabarettinn „Dietrich“ eftir Sigríði Ástu Olgeirsdóttur í Sjálfstæðissalnum. Mikil hrifning var með sýninguna sem var frábær endir á góðum fundi.



Jóhanna Karlsdóttir með Orð til umhugsunar og Dietrich-sýningin, Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Jóhann Axel Ingólfsson



Marsfundurinn var óhefðbundinn, við dönsuðum á Alþjóða baráttudegi kvenna, 8. mars 2025. Þetta var sameiginleg stund með Zontakonum á Vesturlandi – Uglum. Dansað var til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyksnefndar. Stundin hófst á því að Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta og Signý Óskarsdóttir formaður Uglu buðu alla velkomna og kynntu til leiks danskennarann okkar í dag, Deltakonuna Guðlaugu M. Sverrisdóttur sem hafði með sér þrjár ungar stúlkur úr Grundaskóla. Þær kenndu okkur dans og við dönsuðum allar dágóða stund.

Síðan fengum við kaffi og kex og einnig var dregið í happdrættinu. Allar konur mættu með vinninga svo það var úr mörgum vinningum að draga og fengu flestir viðstaddir vinning. Fyrir utan happdrættismiða voru Uglur einnig með varning til sölu. Ágóðinn af happdrætti og varningi var kr. 50.500 og mun renna til Menntunarsjóðs Mæðrastyksnefndar, stykur fá Delta- og Zontakonum á Vesturlandi. Stúlkurnar sýndu okkur einnig skemmtilega dansa og þegar dansstundinni lauk æfðum við nýja lagið okkar einu sinni. Héldum svo heim glaðar og léttar í sinni og ekki spillti sólskinið á leiðinni heim.



Dansað á Akranesi með Zontakonum

Síðasti fundur vetrarins var haldinn í Landnámssetrinu í Borgarnesi 26. apríl 2025 og fengum við góða gesti í heimsókn, héldum fund með Epsilonkonum. Mættar

voru 8 Deltakonur og 11 Epsilonkonur. Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta setti fundinn og Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilon kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og hver og ein kona kynnti sig stuttlega.

Því næst var Sigríður Guðnadóttir Epsilonkona með mjög skemmtilegan upplestur. Hún hefur verið að skrifa dagbók og las fyrir okkur færslu frá í mars síðastliðnum þar sem hún fer í Smáralindina í búðarleiðangur og að hún hafði síðan glatað veskinu sínu og símanum. En heiðarlegur einstaklingur fann og skilaði veskinu hennar og var Sigríður þakklát þeim heiðarlega einstaklingi.

Margrét var með „Orð til umhugsunar“ og talaði fallega út frá orðunum okkar, Vinátta – Trúmennska – Hjálpsemi, góð hugleiðing.

Theodóra sagði síðan örlítið frá Landnámssetrinu, tilurð þess og umfangi, talaði um nágrennið hér í neðribænum og Skallagrímssgarðinn. Í framhaldinu komu spruningar meðal annars um Tónlistarskóla Borgarfjarðar og starfið þar sem Theodóra leiddi í 30 ár. Hún sagði frá starfi sínu og söngleikjunum sem hún hefur sett upp frá árinu 2004 en það ár fékk skólinn sitt eigið húsnæði.

Því næst æfðum við afmælislagið okkar nokkrum sinnum, lag og texti afmælisöngsins hlaut lof fundarkvenna.

Áður en haldið var heim á leið sungum við lagið okkar einu sinni og tilbúna að taka lagið á afmælisráðstefnunni 10. maí ásamt konum úr öllum deildum Landsambandsins. Góður dagur í góðum félagsskap.



Sigríður Guðnadóttir Epsilonkona með upplestur

Síðasta verkefni vetrarins var síðan afmælisráðstefnan í Salnum Kópavogi í maí og þangað mættu 6 Deltakonur. Afmælisráðstefnan var fróðleg og nærandi fyrir líkama og sál. Fyrirlestrarnir voru mjög góðir, mikið sungið og samveran góð.

Theodóra Þorsteinsdóttir
formaður Deltadeildar



Epsilon

Við tökum upp þráðinn frá fyrra fréttabréfi þar sem Epsilonsystur í nágrenni við Eyrarbakka voru að undirbúa **Jólafundinn** okkar en hann var haldinn í Betri stofu Rauða hússins á Eyrarbakka miðvikudaginn 27. nóvember 2024. Að venju var kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Margrét Steinunn Guðjónsdóttir Epsilonsystir og börn hennar skemmtu systur með ljóðaupplestri og söng. Arndís Hildur dóttir Margrétar Steinunnar kynnti óútkomna ljóðabók sína *Pínulítil hversdagsljóð* og mátti heyra andvörp og aðdáun meðan á lestri stóð. Hún lauk lestrinum á ljóðinu *Miðnætursól á Fróni* en þá stigu Margrét Steinunn og börn hennar þau Arndís Hildur, Guðbjörg Hrönn og Guðjón Leó á stökk og sungu það fyrir okkur við lag Guðjóns Leós. Að auki sungu þau nokkur vel valin lög við góðar undirtektir. Dagskrárliðurinn *Orð til umhugsunar* var með óhefðbundnu sniði. Hver systir dró sitt gæfukort og las upphátt gullkornin sem á því stóð. Einnig valdi hver systir hjartastein úr steinasafni G. Ásgerðar Eiríksdóttur Epsilonsystur. Margrét Steinunn leiddi hópinn í slökun og hugleiðslu en það var svo sannarlega góður undirbúningur fyrir aðventuna. Eftir fund borðuðu Epsilon systur saman af jólahlaðborði Rauða hússins og áttu saman notalega stund.



Margrét Steinunn og börnin hennar skemmtu Epsilonsystur með söng á Jólafundinum 2024

Laugardaginn 18. janúar 2025 var svo okkar árlegi **Bókafundur** Epsilondeildar haldinn heima hjá Ernu Ingvarsdóttur Epsilonsystur okkar að Laugaskarði í Hveragerði. Fyrsta var ritnefnd Epsilondeildar skipuð á fundinum vegna útgáfu 50 ára afmælisrits DKG en nokkrar af stofnfélögum Epsilondeildar voru fengnar til verksins. Að því loknu voru bækur kynntar en listi yfir þær er að finna á heimasíðu Epsilondeildar. Epsilonsystur eru sammála um að það er skemmtileg tilbreyting að hittast í heimahúsi og leggja til kaffibrauð á sameiginlegt kaffiborð endrum og eins líkt og við gerum gjarnan á Bókafundundum okkar.



Hlaðborð bókafundar 2025



Fimmti fundur Epsilondeildar þennan veturinn var haldinn að útsýnis- og veitingastaðnum Hafíð Bláa við ósa Ölfusár fimmtudaginn 20. mars 2025. Sigríður Guðnadóttir sá um *Orð til umhugsunar* og las æsispennandi dagbókarfærslu. Dagurinn sem varð fyrir valinu var 4. mars sl. þegar hún fór í Smáralind og lenti þar í "ævintýri" sem endaði vel. Rætt var um Afmælisþing DKG 10.-11. maí 2025 og konur hvattar til að fjölmenna. Einnig var afmælisöngur DKG æfður. Epsilondeild hefur ákveðið að standa fyrir Málþingi á haustdögum 2025 sem liður á afmælisári DKG og gera þar með samtökin sýnilegri í samfélaginu. Undirbúningshópur var skipaður á fundinum og ákveðið að leggja út frá jákvæðum þáttum í lífi og tilveru barna. Sigríður Munda Jónsdóttir, Guðríður Aadnegaard, Margrét Guðmundsdóttir og Soffía Sveinsdóttir skipa undirbúningsnefnd og eru þær byrjaðar að leggja drög að málþinginu. Næst var kynning á Erasmus+ verkefni sem Aneta Figlarska og Margrét Guðmundsdóttir tóku þátt í hjá Skólaþjónustu Árborgar en verkefnið fjallar um *inngildandi skólastarf með áherslu á áfallamiðaða nálgun við móttöku flóttafólks og nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*. Aneta var einnig með stutta kynningu á verkefninu *Eflum tengsl heimili og skóla* sem hlaut Menntaverðlaun Suðurlands árið 2024. Verkefnið felur í sér íslenskukennslu fyrir foreldra grunn- og leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn. Að loknum fundi snæddum við dýrindis máltíð á Hafinu Bláa með magnað útsýni til sjávar og sveita.



Fundur á Hafinu Bláa

Laugardaginn 26. apríl 2025 fóru Epsilonsystur í **vorferð** og heimsóttu Deltasystur í Arinstofu Landnámssetursins í Borgarnesi. Deildirnar héldu þar sameiginlegan fund en Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Deltadeildar stýrði fundi og bauð systur velkomnar. Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilondeildar kveikti á kertum og þar með var fundur settur og dagskráin hófst. Sigríður Guðnadóttir úr Epsilondeild las „örsögu“ um búðarráp í Smáralind og ævintýri sem hún rataði í þar. Margrét Guðmundsdóttir formaður Epsilondeildar flutti *Orð til umhugsunar* og lagði út frá einkunnarorðum Delta Kappa Gamma um *vináttu, trúmennsku og hjálpsemi* en vinskapur kvenna sem byggir á trúmennsku, hjálpsemi og djúpri vináttu er ein af þeim tengslum sem eiga sér sérstakar og varanlegar rætur. Þau eru grunnurinn að góðum samskiptum og vináttupeli kvenna í leik og starfi. Tengsl milli kvenna sem tilheyra sama félagsskapi líkt og í DKG, þar sem við deilum ákveðnu markmiði, hugsjón og félagslegum gildum, verður að afli sem knýr áfram breytingar, bætir samfélög og hvetur konur til að láta raddir sína heyrast. Deildirnar tvær æfðu því næst afmælisöng DKG sem samin var í tilefni af 50 ára afmæli samtakanna á Íslandi en Deltasysturnar Theodóra Þorsteinsdóttir og Jónína Erna Arnardóttir eru höfundar lags og texta. Theodóra sagði svo frá Landnámssetrinu sem er til



húsa í tveimur af elstu húsum Borgarness og frá neðri bænum í Borgarnesi. Við borðuðum af hlaðborði Landnámsseturs og spjölluðum heilmikið saman. Við þökkum Deltasysturum kærlega fyrir góða samveru en mikil ánægja var með þennan síðasta fund deildanna í vetur.



Deltasystur og Epsilonsystur æfa afmælissöng á sameiginlegum fundi í apríl 2025

Landsambandsþing DKG var haldið helgina 10. - 11. maí 2025 og voru margar Epsilonsystur viðstaddar þingið. Mikil ánægja var með dagskrána sem var fjölbreytt og skemmtileg. Epsilondeild vill þakka DKG systurum fyrir góða samveru á 50 ára afmælisþingi DKG.



Epsilonsystur á Landssambandsþingi í maí 2025

Sumarkveðjur til ykkar allra
fyrir hönd Epsilondeildar
Margrét Guðmundsdóttir formaður



Zeta

Starfið hjá okkur á Austurlandi hefur gengið vel en veturinn var okkur frekar góður hvað veður og færð varðar. Við höfum haldið 4 fundi og sá síðasti á starfsárinu verður seinni partinn í maí.

Í desember hittumst við í Fellabæ og kynntum okkur Sólina sem er frístundaheimili fyrir börn með fatlanir í Múlaþingi. Heimilið er til húsa þar sem leikskólinn Hádegishöfði var áður en hann fluttist í nýtt húsnæði. Lögð hefur verið áhersla á góða hljóðvist og skynjarvæn rými. Rýmin eru ólík og mikið lagt upp úr litum og skynjun. Unnur Ólöf Tómasdóttir kynnti félagskonum fyrir stofnun og starfsemi Sólarinnar. Frístundaheimilið tók til starfa í haust.

Í febrúar hittumst við á Reyðarfirði og heimsóttum Esther Ösp Gunnarsdóttur vefstjóra hjá Austurbrú. Hún vinnur að leirgerð í bílskúrnum við heimili sitt meðfram sinni vinnu við Austurbrú. Hún fór yfir sögu og tilurð starfsins með leirinn sinn. Hún sagði okkur frá því að börn hennar tvö sitji mikið hjá henni og við alls konar föndurgerð og heimanám. Myndast oft baðstofustemning í bílskúrnum, þegar hver kemur með sitt verkefni.

Í mars hittust félagskonur inn á Hallormsstað í gamla hússtjórnarskólanum. Komin er ný námskrá fyrir skólann sem er kominn á háskólastig eða í samvinnu við Háskóla Íslands. Á heimasíðu skólans er þess getið að skólinn sé í hjarta Hallormsstaðarskógar þar sem náttúran, handverkið og fræðileg þekking í námi sameinast í skapandi sjálfbærni. Bryndís Fiona sem hefur fylgt nýrri námskrá úr hlaði en lætur af störfum og hefur nýr skólastjóri verið ráðinn. Bryndís fór yfir

það hvernig hið nýja nám við skólann verður. Alltaf gott og gaman að koma í Hallormsstaðaskóla en gamlar innréttingar um umgerð hefur fengið að vera.



Á öllum fundum höfum við fengið súpu eða léttan málsverð, borðað saman og rabbað um heima og geima. Allir fundir hefjast á hefðbundinn hátt með því að kveikja á kertum og lesa markmið Delta Kappa Gamma. Og síðast en ekki síst höfum við fengið góð og gagnleg orð til umhugsunar.

Fundur í maí verður eftir afmælishelgina í Reykjavík. Við förum glaðar og kátar inn í vorið og sumarið sem vonandi verður sólríkt og gott. Við hittumst svo aftur í haust eftir að stjórn deildarinnar hefur fundað og skipulagt fundi næsta tímabils.



Þegar þetta er skrifað á Seyðisfirði er vorið
á næsta leiti með hita og yndislegu veðri
og set ég því hér í lokin erindi úr ljóði eftir
Guðmund Guðmundsson um Seyðisfjörð.

Hér syngja fossarnir framtaksóð
á flughraða milli hnjúka,
og brosandi kveður lofnarljóð
hver lindin í blænum mjúka.
Hér lifna geirar við gróðrarskúr
Á gróandi vorsins leiðum.
En byrstur ægir, á borgarmúr
Hann Bjólfur frá reginhæðum.

Ólafía Þ. Stefánsdóttir
tók saman.



Vorfundur Zeta-deildar á
Beituskúrnum í Neskaupstað



Eta

Í vetur hefur verið öflugt starf í Eta deild. Félagskonur hafa verið mjög virkar í hópastarfinu og starfið einkennst af metnaði, samvinnu og gleði.

Jólafundur deildarinnar var 2. desember í Ölduselsskóla og var þriðji fundur vetrarins. Eins og jafnan á jólafundum Eta deildar myndaðist ljúf og jólaleg stemming. Fundurinn hófst með því að Eyrún Gísladóttir spilaði á harmonikku á meðan fundargestir tándust í hús og sungin voru nokkur jólalög. Hulda Karen Daníelsdóttir Eta systir var með *Orð til umhugsunar* og sagði m.a. frá því að þegar hún flutti til Kanada hafi hún haft með sér ýmsar íslenskar jólahefðir eins og að baka nokkrar smákökusortir og að þrifa allt hátt og lágt. Þá sagði hún einnig frá þeirri hefð að gefa börnum í skólinn á aðventunni sem varð til þess að gistinóttum vina barnanna hennar fjölgaði á aðventunni.



Gestur fundarins var Margrét Tryggvadóttir sem nýjustu bók sína *Einar, Anna og safnið sem var bannað börnum* sem segir frá Einari Jónssyni

myndhöggvara og konu hans Önnu Jónsson á lifandi og skemmtilegan hátt. Í bókinni er líka fjallað um nokkur af listaverkunum sem allt þeirra líf snerist um. Margrét sagði líka frá öðrum bókum sínum eins og *Kjarval*, *maðurinn sem fór sínar eigin leiðir* og *Íslensk myndlist*, og *fólkið sem ruddi brautina*. Margrét sagðist skrifa þessar bækur fyrir börn til að kynna fyrir þeim listir. Líflegar umræður urðu um bókina um Einar og fram kom að margur fróðleikur er falinn á síðum bókarinnar sem ekki er á allra vitorði.

Þegar kynningunni lauk var boðið upp á gómsætt smurbrauð og eftirrätt sem var útbúið af Erni Arnarsyni, matreiðslumanni Ölduselsskóla.

Síðan hélt umræðan áfram um bók Margrétar og fundinum lauk með því að sungin voru jólalög eins og gjarnan er gert á jólafundum.

Fjórti fundur vetrarins var haldinn 22. janúar í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Á fundinum fræddumst við m.a. um lífshætti fólks og skólakerfið í Úkraínu. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir flutti Orð til umhugsunar með yfirskriftinni: *Höfum við gengið til góðs?* Hún sagði frá því að í doktorsritgerð hennar frá upphafi 10. áratugarins hefði hún fjallaði hún um hvernig við Íslendingar gætum tekið betur á móti erlendu fólki. Nú væru breytingarnar miklar í þjóðfélaginu. Þá hefðu útlendingar á Íslandi verið um 10 þúsund en nú væru þeir um fimmtungur þjóðarinnar. Þess vegna er spurningin sem hún spurði í ritgerðinni: Þurfa kennarar sérstaka þjálfun til að búa þá undir kennslustarf í fjölmenningsamfélagi framtíðarinnar? mjög raunhæf enn í dag. Þá flutti Oksana Shabatura, brúarsmiður, sem er frá Úkraínu erindið: *Brú milli landa*.



Um starf okkar brúarsmiða. Hún sagði frá hlutverki brúarsmiða en það er að byggja brú milli fjöltýngdra barna og foreldra þeirra – og útskýra hver menningarmunurinn er milli heimalandsins og hins nýja lands, Íslands. Hún sagði að erlendum nemendum fjölgi mjög ört hér á landi. Þeir komi úr mismunandi aðstæðum og skilji ekki tungumálið í nýja landinu. Þeir eru því oft hjálparlausir og vanti brúarsmið sem tali móðurmál nemendans. Oksana sagði okkur m.a. frá því hvernig stríðið hefði höggvið skarð í samfélag þar sem áður bjuggu 43 milljónir manns en núna aðeins á bilinu 28-34 milljónir. Hún sýndi okkur myndir af úkraínska þjóðbúningnum sem er *vishyvanka* eða blússa, útsaumuð, bæði á stráka og stelpur. Þá talaði hún um dæmigerða matarrétti sem eru: *Borsch* (rauðrófusúpa), *varenyky* (deighálfmálar með fyllingu), *holodec* (sulta úr svínakjöti), *deruny* (grænmetisbuff) og *salo* (svínafita). Kynning Oksönu var einstaklega fróðleg. Fundinum lauk svo með því að boðið var upp á úkraínskan mat, súpu og köku í eftirrætt, matreitt af Oksana Shabatura og nutu Eta konur veitinganna sem voru lostæti.



Fimmti fundur vetrarins, Slæðufundurinn, var haldinn í mars í Kringlúkránni. Á Slæðufundinum skreyttu konur sig með fallegum slæðum. Áður en hefðbundinn fundur hófst kom formaðurinn Ólöf Helga með eftirfarandi tilkynningar sem varðar starf deildarinnar, 50 ára afmæli DKG verður haldið 10. og 11. maí. Heimsforseti DKG verður gestur á fundinum. Fundarkonur eru hvattar til að mæta.

Framkvæmdaráð hafði áhuga á að finna eitthvert samfélagsverkefni. Ólöf Helga sendi póst á aðrar deildir til að hvetja til samvinnu um gott verkefni. Allir virtust áhugasamir en ekkert kom út úr því.



Næsti fundur undir stjórn stjórnar Eta deildar tekur umræðuna um möguleg samfélagsverkefni sem konur í DKG gætu tekið þátt í.

Eftir miklar umræður, sérstaklega um **Möguleg samfélagsverkefni** þ.e. að finna eitthvert samfélagsverkefni var komið að eiginlegri dagskrá fundarins. Magnea Ingólfssdóttir fundarstjóri tók við stjórninni og Björg Kristjánsdóttir var með Orð til umhugsunar. Hún var með fróðlegt erindi um *núvitund og samkennd* og mikilvægi þessara þátta í nútíma samfélagi. Þá fjallaði Björk Jónsdóttir (fyrirverandi skólustjóri Brúaskóla) um *Brúaskóla yfir tímabilið 2003-2025*. Hún talaði um markmið og hlutverk skólans og þann mikilvæga þátt að nemendur/börn gætu farið úr sínu umhverfi, náð áttum og



komið svo aftur til baka til síns skóla og haldið áfram þar.

Að lokum var borinn fram gómsætur kvöldverður og fundi síðan slitið með því að Björk Jónsdóttur var færð rós og slökkt á kertum.

Sjötti fundur vetrarins var haldinn í Kringlukránni í apríl. Fundur var settur á hefðbundinn hátt og stjórnaði Ólöf Helga Þór fundinum. Á fundinum var inntökuathöfn nýs félaga í Eta deild, Eddu Krístrúnar Kjartansdóttur, og stjórnðu Ásta Lárusdóttir, Hafdís Sigurgeirsdóttir og Ólöf Helga Þór athöfninni.



Í lok athafnarinnar söng deildin Vorvindar glaðir en sá siður hefur verið tekinn upp í deildinni við lok inntökuathafnar. Síðan sagði ritnefnd Eta deildar frá ritstörfum sínum sem fólust í að skrá *Sögu Eta deildar í 50 ára afmælisrit Delta Kappa Gamma*. Í ritnefndinni eru: Auður Torfadóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Ólöf Helga Þór.



Ritnefndin las textann upp á fundinum. Í honum kom m.a. fram hvenær deildin var stofnuð, formenn deildarinnar á tæplega 30 ára starfstímabili hennar, helstu viðfangsefni og í raun allt starf deildarinnar þessi ár. Afmælisritið með starfsemi allra deildanna mun síðan koma út á haustmánuðum. Að þessu loknu fengu félagskonur sér að borða og að loknum kvöldverði var nafnakall. Síðasti liður á dagskrá var verkefni til að *Efla innbyrðis kynni félagssystra*. Það fólst í því að félagskonur tóku með sér á fundinn hlut/mynd sem hafði merkingu fyrir þær og þær deildu síðan sögu hlutarins/myndarinnar með borðfélögum. Í lok fundarins var upplifun félagskvenna að með þessu verkefni hefðu innbyrðist kynni þeirra eflst og þær gengu glaðar af fundi.



Á fimmtíu ára afmælishátíð DKG mættu 11 systur úr ETA deild. Samdóma álit okkar var að landsþiniðg hefði verið einstaklega velheppað, gleðin blómstraði, hláturinn hljómað og samveran batt okkur saman og valdefldi. Gleðilegt sumar.

Ólöf Helga





Peta

Nýtt ár byrjaði afar vel hjá Peta konum en hinn árlegi bókafundur var haldinn í heimahúsi í janúar. Það er alltaf góð mæting á bóka fundi en að þessu sinni fengum við Geir Sigurðsson kennara í Háskóla Íslands, heimspeking og rithöfund til að kynna tvær bækur. Geir kynnti bókina „Óljós- saga af ástum“ sem er þroskasaga prófessors á eftirlaunum. Einnig kynnti hann bók sem hann þýddi ásamt konu sinni Vilmu Kinderyte „Litháar við Laptefhaf“ sem segir frá minningum 14 ára stúlku sem send var til Gulak. Þar lýsir hún erfiðri reynslu sinni á mjög áhrifaríkan hátt.



Á fundinum fjallaði Heiða formaður deildarinnar um tilvonandi afmælisþing samtakanna og buðu tvær Peta systur sig fram til að draga saman sögu deildarinnar.

Það voru þær Guðbjörg M. Sveinsdóttir og Lára Guðmundsdóttir sem eru báðar stofnfélagar.

Í framhaldi af bókakynningum Geirs kynntu nokkrar Peta systur bækur sem þær höfðu lesið nýlega og mæltu með. Að lokum var Brynja Aðalbergsdóttir með orð til umhugsunar. Hún sagði frá ungum dreng sem ólst upp á Seyðisfirði. Árið 1941 gerðust þeir ótrúlegu atburðir að börn voru út að leik og var skotið að þeim út þýskri flugvél sem leiddi til þess að flest börn voru send í sveitirnar í kring þar sem óttast var um öryggi þeirra. Áhrifamikil saga en þessi litli drengur var faðir Brynju.

Í mars var haldinn fundur í leikskólanum Gefnarborg í Suðurnesjabæ.

Ingibjörg Jónsdóttir leikskólustjóri sagði frá starfsemi Gefnarborgar rakti sögu leikskólans og hvernig starfsemin hefur þróast undanfarin 54 ár. Skólinn var fyrstu árin rekinn af sveitarfélaginu Garði en hefur verið einkarekinn undanfarin ár. Það hafði blundað lengi með henni að vinna með skynjun og eftir að hafa fengið Önnu Sofíu til liðs við sig var lögð áhersla á að vinna eftir aðalnámskrá með áherslu á læsistengda skynjun. Verkefnið þróaðist smá saman á gólfinu og hafði allt starfsfólk áhrif á þá þróun sem orðið hefur. Ingibjörg og Anna Sofía eru báðar Peta systur.

Anna Sofía tók næst til máls og sagði frá áhugaverða verkefninu sem þær stöllur hafa þróað og innleitt í leikskólanum en það heitir „inclusion through sensory intergration“. Þar er unnið er með skynörvun á margvíslegan og fjölbreyttan hátt. Verkefnið er afar spennandi og hefur vakið athygli víða.



Ingibjörg Jónsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagðist hafa lesið bókina Miðnæturbókasafnið og það hafi vakið hana til umhugsunar um HVAÐ EF hún hefði ekki tekið ákveðin skref í lífinu. Áhugaverðar vangaveltur hjá Ingibjörgu.



Það er afar ánægjulegt að segja frá því að Árný Elíasdóttir landsforseti DKG heimsótti okkur á Reykjanesið og kom á fundinn í Suðurnesjabæ. Árný sagði frá því að uppáhalds verkefni hennar sem landsforseta væri að fara að heimsækja deildir út á landi. Hún sagði frá undirbúningi Landsambandsþingsins og að markmiðið væri að þjappa fólki saman og eiga samtál um hvernig við gætum látið gott af okkur leiða í samfélaginu. Við þökkum henni kærlega fyrir ánægjulega samveru.



Ekki voru fleiri fundir haldnir á vorönn 2025 en reynt var eftir fremsta megni að fjölmenna á afmælisþing samtakanna en þar mættu sex glæsilegir fulltrúar deildarinnar og áttu góðar stundir saman. Stjórn Þeta deildar vill þakka þeim Guðbjörgu M. Sveinsdóttur og Láru Guðmundsdóttur fyrir að draga saman sögu deildarinnar vegna afmælisársins og þeim Þeta systur sem fræddu, nærðu og deildu reynslu sinni á liðnum fundum.

Heiða Ingólfssdóttir formaður Þeta deildar





Iota

Í byrjun mars mánaðar var vorferð á dagskrá í Iota-deild. Farið var með rútu í dagsferð á sunnanverða Vestfirði og fór dagskráin fram á Patreksfirði.

Fyrst var farið í Vatneyrarbúð þar sem tveir starfsmenn hússins stóðu fyrir kynningum. Rebekka Hilmarsdóttir fræddi um sögu Vatneyrarbúðar sem upphaflega hýsti verslun en er búið að gera upp að miklum hluta og hýsir nú ýmsa starfsemi. Rebekka starfar sem sérfræðingur hjá Atvinnuvegaráðuneytinu. Þá sagði Edda Bára Árnadóttir frá Bláma, sem er samstarf nokkurra vestfirskra aðila á sviði orkuskipta. Blámi, Vestfjarðastofa og fleiri aðilar eru með starfsstöðvar í Vatneyrarbúð.

Næst héldum við í byggingu sem lét lítið fyrir sér fara, gamlan beitningaskúr, þar sem Birta Ósmann Þórhallsdóttir, myndlistarkona, þýðandi, skáld m.m. hefur komið sér fyrir. Fyrirtækið heitir Skriða og er í senn bókaútgáfa, prentverkstæði og verslun. Forvitnilegt var að skoða sig um innan um gamlar prentvélar, listaverk, póstkort, bækur og fleira. Skriða hýsir af og til einnig ýmsa viðburði.

Hið fræga Skjaldborgarbíó var næsti áningarstaður í þessari ferð og tóku á móti þau Alda Hrannarsdóttir og Davíð Rúnar Gunnarsson, með popp og kók sem var auðvitað vel við hæfi. Við settumst í þægileg sætin og fengum að sjá stutt brot úr kvikmynd, til að „búa til réttu stemmninguna“ áður en starfsemin var kynnt. Bíóið er rekið í sjálfböðastarfi en engu að síður er ýmislegt, s.s. hin árlega Skjaldborgarhátíð auk reglulegra bíosýninga.

Alda er einnig forstöðumaður bæjarbókasafnsins og bauð hún hópnum í

heimsókn í safnið til að leyfa okkur að skoða húsakynninn og að kynnst starfinu. Við fengum þó gott meira en það, því Alda hefur komið sér upp aðstöðu fyrir handverk í sömu byggingu sem hún sýndi okkur og útskýrði. Um er að ræða sérstakt handverk sem hún lærði í Skotlandi, en hvað þetta handverk ku kallað á íslensku eða hvort til er íslenskt heiti, um það urðum við þó engu nær. En gaman þótti okkur að skoða persónulegar og litskrúðugar myndir Öldu.

Þar með var dagskráin tæmd og hélt hópurinn á Bíldudal til að snæða saman kvöldverð áður en haldið var heim. Fjórtán Iota-systur tóku þátt í þessari mjög vel heppnaðri vorferð sem var gott slútt á vetrarstarfi deildarinnar.



Alda útskýrir handverk



Heimsókn í Vatneyrarbúð



Heimsókn í Skriðu, bókaútgáfu og prentverkstæði



Kvöldverður á Vegamótum, Bíldudal





Kappa

Vorferð Kappadeildar í Dalina

Síðasti fundur Kappadeildar þetta starfsárið var vorferð í Dalina miðvikudaginn 23. – fimmtudagsins 24. apríl. Við höfum lengi haft þessa ferð á stefnuskránni og loksins tókst að láta hana verða að veruleika. Yfirskriftin var: „Sterkar konur í Dölum“.



13 konur gistu í góðu yfirlæti á Dalahótel, þær sem höfðu tök á að mæta snemma, nutu veðurbliðunnar og heitu pottanna áður en formleg dagskrá hófst. Snæddur var ljúffengur kvöldverður og eftir það haldin lífleg kvöldvaka með heimatilbúnum skemmtiatriðum.

Strax að loknum morgunverði daginn eftir var svo lagt af stað í hringferð um Dalina undir frábærri leiðsögn Ingibjargar S. Guðmundsdóttur Kappakonu sem er alin upp í Dölunum og þekkir þar hverja þúfu. Söguslóðir Laxdælu voru heimsóttar og meðal annars komið við í Hvammi, Auðar djúpúðgu, gengið á Krosshólaborg og minnisvarði um bænastað Auðar skoðaður.

Aðrir viðkomustaðir voru; Kamsnes, Höskuldsstaðir og Hjarðarholt, þar sem við fengum innsýn í sögu kirkjunnar. Safnið í Leifsbúð var skoðað og dýrindis súpa snædd áður en haldið var áfram og endað á að heimsækja Magnússkóga, sem er ættaróðal Ingibjargar en þar var skálað og sungið saman í blíðunni. Ferðin var dásamleg í alla staði, nærandi stund í frábærum félagskap.



Við Hvammskirkju



Við Leifsbúð



Við minnisvarða um bænastað Auðar



Ingibjörg gestgjafi

Linda Hrönn Helgadóttir tekur saman





Lambda

Jólafundur Lambda var haldinn 27. nóvember á heimili Bjargar Melsted og þar áttu konur notalega aðventustund saman. Iðunn Antonsdóttir var með orð til umhugsunar, þar sem hún velti upp ýmsum hliðum vináttunnar og skoðaði í ólíku ljósi heimspekinnar. Gestur fundarins var rithöfundurinn Maó Alheimsdóttir sem sagði okkur frá og las úr bók sinni *Veðurfregnir og Jarðarfarir*. Maó er fædd í Póllandi árið 1983 þar sem hún ólst upp. Hún stundaði nám í norrænum fræðum við Sorbonne-háskóla í París en lauk síðan BA prófi í íslensku sem annað mál með almenna bókmenntafræði sem aukagrein við HÍ. Maó er fyrsti nemandinn af erlendu bergi brotinn til að útskrifast með MA úr ritlist við Háskóla Íslands. Handrit hennar af skáldsögunni *Veðurfregnir og jarðarfarir* hlaut nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2021.

Fyrsti fundur á nýju ári var bókafundur sem haldinn var heima hjá Öllu Dóru Smith þann 10. febrúar. Konur skiptust á að segja frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu nýlega lesið eða öðrum bókum sem þær vildu kynna fyrir hópnum. Bækurnar voru skemmtilega ólíkar en allar mjög áhugaverðar og í kjölfarið sköpuðust umræður lestur og hlustun, því margar konur nýta sér að hlusta á bækur ásamt því að lesa. Lambda hefur ekki áður verið með bókafund á dagskrá en mikil ánægja var með fundinn og ekki ólíklegt að nýjar bækur hafi bæst á óskalistann hjá mörgum.

Þann 18. mars hittust Lambdakonur í Melaskóla. Gestur fundarins var María Gísladóttir sem kynnti starfsemi skólabókasafnsins og sagði frá áhugaverðu tilraunaverkefni sem ber nafnið *Lestrarvinir*. Verkefnið er unnið í samstarfi

við áhugasama sjálfboðaliða á eftirlaunaaldri og felst í því að þeir koma einu sinni í viku og eiga notalega lestrarstund á bókasafninu með nokkrum börnum í hvert sinn. Lestrarvinir er verkefni sem að mati Maríu er gífurlega gefandi bæði fyrir börn og sjálfboðaliða, *besta stund vikunnar* segja margir.

Björg Melsted var með orð til umhugsunar þar sem hún talaði um ömmuhlutverkið og velti fyrir sér hvort og þá hvernig það hefur breyst í gegnum tíðina. Hún deildi minningum um sínar eigin ömmur og sagði frá hversu dýrmætar ömmurnar eru hennar eigin börnum ásamt því að skoða sig sjálfa í nýfengnu ömmuhlutverkinu.

Síðasti formlegi fundur starfsársins og jafnframt sá 6. var haldinn í Loftskæptastöðinni. María Theódóra Ólafsdóttir forstöðumaður tók á móti okkur og kynnti starfsemi hússins og sagði frá lífi og starfi Vigdísar Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands. Heimsóknin var afskaplega skemmtileg og fræðandi en Loftskæptastöðin er menningarhús og starfar í anda Vigdísar Finnbogadóttur með menningu, tungumál, náttúruvernd, jafnrétti og menntun að leiðarljósi.

Jódís Káradóttir var með orð til umhugsunar og velti fyrir sér mikilvægi seiglunnar. Jódís starfar sem náms- og starfsráðgjafi og í starfi sínu með nemendum telur hún seigluna vera eitt af mikilvægum verkfærum sem þeir þurfi að hafa til að fara í gegnum námið.

Nokkrar konur úr Lambdadeild sóttu 50 ára afmælisþing DKG á Íslandi og voru þær allar sammála um að það hefði heppnast einstaklega vel. Dagskráin var bæði fræðandi og skemmtileg og virkilega gaman að styrkja tengsl við konur í öðrum



deildum. Dagurinn einkenndist af góðri samveru, gleði og söng langt fram á kvöld.

Síðasta samvera Lambda á þessu starfsári er á næsta leiti. Sá fundur er jafnan óformlegur og mun Birna Halldórsdóttir leiða konur í sögulegri stytugöngu í miðborg Reykjavíkur. Að lokinni göngu verður starfsárinu fagnað með kvöldverði á Jómfrúnni.

Við þökkum öllum félagskonum fyrir góðan vetur og hlökkum til að hittast aftur eftir sumarið.

Björg Melsted, formaður



Íðunn, Birna, Gerður, Björg og Ingibjörg á afmælisþinginu



Upplstur á jólafundi



Heimsókn í Loftskýtastöðina



Mý

Það er alltaf mikil tilhlökkun að hefja starf á nýju ári, en þá er hefð fyrir því að halda bókafund og að þessu sinni fór hann fram 20.janúar.

Bókafundurinn var vel sóttur, 21 félagskona mætti og byrjaði dagskráin eins og hefð er fyrir með því að formaður setti fundinn, fór yfir nokkrar tilkynningar en að því loknu flutti Petrea Óskarsdóttir hugljúft og áhugavert verk á þverflautu eftir dóttur sína.

Þá var komið að því að fara í bókabingó, en þá ræddu félagskonur í litlum hópum ýmislegt varðandi bækur, s.s sameiginlega höfunda sem þær hafa lesið, sameiginlegar bækur, skemmtilegar bækur, ofl. Eftir hvern umræðupunkt var krossað í reit á bingóblaði.



Seinni bókaleikurinn var fjörugur og skemmtu félagskonur sér mjög vel. Félagskonum var skipt í hópa og ein kona úr hverjum hópi fór afsíðis til að fá hvíslað í eyra bókatitli, hún átti síðan að fara í hópinn sinn aftur og teikna titilinn fyrir sinn hóp og þær reyna að finna út hver bókin væri.

Mikið kapp var í félagskonum að reyna að vinna leikinn en til þess varð maður að vera fyrstur til að fatta alla titlana .

Að lokum var boðið upp á kaffi og sætan bita en þá fengu félagskonur tækifæri til að halda áfram að ræða bækur.

Það er almenn ánægja með þetta fyrirkomulag á fyrsta fundi hvers árs, og má segja að þarna gefst gott tækifæri til að kynnst enn betur. Mynd hér??

Annar fundur ársin var afar góður og fróðlegur, en þá fengum við Sunnevu Halldórsdóttur til að vera með erindi kvöldsins. Sunneva er með BS gráðu í lífefnafræði og er í mastersnámi í líf og læknávisindum við Háskóla Íslands. Hún heldur uppi Instagram síðunni Efnasúpan.



Sunneva flutti okkur áhrifaríkan fyrirlestur um eiturefni í nærumhverfi okkar. Hún minnti okkur á að við hefðum alltaf val, að velja umhverfisvænar vörur. Hún benti okkur á að Umhverfisstofnun er með flotta síðu um þau efni sem við eigum að forðast. Við komust í snertingu við eiturefni í gegnum svo fjölmargt í okkar daglega lífi. Sunneva benti okkur á að vera



gagnrýnin á þær vörur sem við erum að kaupa og hvatti okkur til að kynna okkur staðla o.s.frv. Hún benti okkur á að í vörum frá Temu og Shein er mikið um skaðleg efni, sérstaklega nefndi hún plastið s.s. plastskálar, bretti og barnaföt.

Hún hvatti okkur til að kaupa vörur úr m.a. gleri og - bambuso.

Maturinn var að þessu sinni þjóðlegur í takt við tímann, en boðið var upp á sviðasultu, rúgbrauðssnittur, rófustöppu, hákarl og harðfisk. Við þessar aðstæður var síðan ekki hægt annað en taka lagið saman, þorraþrælinn.

Orð til umhugsunar fór fram í ljúfri hugleiðslu með Jóhönnu Jónasar sem við fengum á netinu.

Vorfundurinn okkar var haldinn fyrr en við erum vanar að gera, haldinn 8. apríl, en stjórnin taldi að það væri æskilegt vegna afmælisþings DKG í Kópavogi í byrjun maí.

Þessi lokafundur ársins var veglegur með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá.

Björg Sigurvinsdóttir flutti okkur orð til umhugsunar, en hún sagði frá námskeiði sem hún hafið nýlega sótt. Námskeiðið var um gervigreind. Hún nefndi m.a. að það væri mikilvægt að spyrja þröngra spurninga og forðast það að setja persónuupplýsingar inn á chat gpt.



Fimm stúlkna flautuhópur frá Tónlistarskólanum á Akureyri spiluðu fimm undurfögur lög fyrir okkur. Þær voru á leið til Frakklands að spila og léku þær lögin sem þær spiluðu síðan þar.



Það er alltaf ánægjulegt að fá nýjar konur í deildina til okkar og á þessum fundi fór fram formleg inntaka nýrra félaga. Margrét Árnadóttir gekk formlega í okkar félag.

Eftir inntökuna var farið í aðalfundastörf. Formaður las skýrslu stjórnar og gjaldkeri fór yfir reikninga.

Að loknum góðum og ljúffengum mat var farið í leik, sem svo sannarlega vakti gleði og hlátur. Allir áttu að skrifa eina staðreynd um sjálfan sig á blað, brjóta miðann saman og skila honum í körfu. Jóhanna Dögg varaformaður las síðan upp miðana, einn og einn í einu og félagskonur áttu að giska á hvaða kona ætti hverja staðreynd.



Kaffi og sætur biti ásamt páskaeggi með málsháttum var í boði áður en formlegri dagskrá lauk en að lokum þakkaði formaður félagskonum fyrir gott starfsár og tilkynnti að stefnt væri að því að fara í góða haustferð þegar starfið myndi byrja aftur eftir sumarfríið.

Við erum þakklát fyrir okkar góða starf og góðan félagsskap og hlökkum til að hittast á nýju starfsári.

Kær kveðja til ykkar allra frá Mýdeildinni og megi sumarið færa okkur öllum hamingju og margar gleðistundir.

Munum að njóta og horfa á litlu fallegu hlutina í kringum okkur og stundum þakklæti .

Magnea Helgadóttir



Ný

Það sem af er ári hefur Nýdeild fundað tvisvar sinnum. Upptökusvæði Nýdeildar er mjög víðfemt, en það nær allt frá Vestur-Húnavatnssýslu norður í Fljót í Skagafirði. Af þeim sökum getur reynst erfitt að halda fundi þó veður og færð hafi sannarlega verið okkur hliðholl þetta vorið. Eins og sakir standa eru 15 virkar systur í Nýdeild og gerir það að verkum að fundir deildarinnar hafa verið fámennir í vor þrátt fyrir að um helmingur systra mæti til funda.

Fyrri fundur vorsins var haldinn þann 12. mars í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Á fundinum fór formaður með orð til umhugsunar sem í þetta skiptið lituðust af árstíðinni og fjölluðu um sögu Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Á fundinum var svo kynnt fyrirkomulag afmælishátíðar landssambandsins og afmælistöngurinn æfður við mikinn fögnuð viðstaddra. Systur voru hvattar til þátttöku í afmælishátíðinni sem tókst með afbrigðum vel þar sem sjö Nýdeildarsystur mættu svo til leiks þann 10. maí síðast liðinn. Á fundinum var einnig farið í stólaþóga undir stjórn Nýdeildarsysturinnar Sigríðar Margrétar Ingimarsdóttur. Náðu systur góðri slökun og innri íhugun áður en gengið var til matar. Yfir matnum styrktu systur tengslin með umræðum um ýmislegt sem lá þeim á hjarta. Systur í deildinni eru sammála um mikilvægi þess að á fundum sé rými til að ræða saman og styrkja okkur sem hóp.

Seinni fundur vorsins var óvissufundur þar sem systur voru boðaðar til komu á Hvammstanga. Nýdeildarsysturnar Ellen Mörk Björndóttir, Eydis Bára Jóhannsdóttir og Sesselja Kristín Eggertsdóttir sáu um skipulagningu fundarins og skemmtiför okkar Nýdeildarsystra um Hvammstanga.

Föngulegur hópur kvenna hittist við veitingastaðinn Sjávarborg en þaðan var haldið í Víngerðina Hret, þar sem systur fengu kynningu á starfseminni og að gæða sér á rabbabarakokteil. Að því loknu fengum við kynningu á Handbendi brúðuleikhúsi og öllu því flotta starfi sem þar er staðið fyrir. Að kynningunni lokinni var aftur haldið á veitingastaðinn Sjávarborg þar sem systur fengu sér kvöldverð áður en komið var við í garnlitunarstöðinni Vatnsnes Yarn þar sem okkur var kynnt starfsemin áður en við vorum leystar út með handlituðu garni. Að lokum var förlinni haldið á nýopnaða starfstöð *Gott að eldast* verkefnisins í Vestur-Húnavatnssýslu og fengum bæði að kynnast hugmyndafræðinni og skoða húsakynninn áður en heim var haldið.



Nýdeildarsystur fá kynningu á Víngerðinni Hret



Skipuleggjendur óvissufundarins á Hvammstanga



*Nýdeildarsystur á afmælisráðstefnu
Landssambandsins ásamt fyrrum formanni*

Guðbjörg Einarisdóttir sendi póstinn





Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.



*Stefnuyfirlýsing Delta
Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska
kvenna í fræðslustörfum og
gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*

